Styrktarverkefni Herrakvölds Lionsklúbbs Kópavogs 2026

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Lionsklúbbur Kópavogs óskar hér með eftir styrk að upphæð **kr. 500.000** vegna árlegs **Herrakvölds**, sem haldið verður **6. nóvember 2025**. Herrakvöldið er eitt stærsta fjáröflunarverkefni klúbbsins og hefur í gegnum árin stutt við fjölmörg samfélagsverkefni í Kópavogi, meðal annars í þágu barna, eldri borgara og fatlaðra.

Að þessu sinni mun ágóði Herrakvölds Lionsklúbbs Kópavogs, sem haldið verður 6. nóvember, renna til uppbyggingar á **Eljunni**, nýrri dagþjónustu á vegum Heilahjálpar fyrir einstaklinga með nýgreinda heilabilun á fyrstu stigum sjúkdómsins.

Markmið Eljunnar er að styðja þátttakendur til að viðhalda sjálfstæði, færni, félagslegum tengslum og lífsgæðum eins lengi og kostur er. Mikil þörf er fyrir slíkt úrræði, enda hefur myndast langur biðlisti eftir sambærilegri þjónustu.

Styrkir frá fyrirtækjum og velunnurum nýtast beint til uppbyggingar aðstöðu, kaupa á búnaði, fræðslu og þróunar þjónustunnar. Með stuðningi ykkar getum við lagt okkar af mörkum til að bæta lífsgæði fólks með heilabilun og aðstandenda þeirra og skapa mikilvægt samfélagslegt úrræði í Kópavogi.

.

Við vonumst til jákvæðrar afgreiðslu og hlökkum til áframhaldandi góðs samstarfs við Kópavogsbæ.

Með virðingu og þakklæti,
Fyrir hönd Lionsklúbbs Kópavogs
Ómar Þorsteinsson
Sími: 8253698
Netfang: omar@lkk.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026